



Ritgerð til B.A.-prófs

í íslensku

Reyni að brosa

Um skáldskap Evu Hjálmarsdóttur frá Stakkahlíð í
Loðmundarfirði

Katrín Alfa Snorradóttir

Leiðbeinandi: Sveinn Yngvi Egilsson
Maí 2021



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska

Reyni að brosa

Um skáldskap Evu Hjálmarsdóttur frá Stakkahlíð í Loðmundarfirði

Ritgerð til B.A.-prófs í íslensku

Katrín Alfa Snorradóttir

Kt.: 060782-5559

Leiðbeinandi: Sveinn Yngvi Egilsson

Maí 2021

Útdráttur

Skáldið Eva Hjálmarsdóttir frá Stakkahlíð í Loðmundarfirði fæddist árið 1905. Hún var flogaveik og því heilsulaus nánast alla ævi, en hún lést árið 1962, þá aðeins 56 ára gömul. Hún hafði unun af skáldskap og þrátt fyrir heilsuleysið var hún oftast glöð. Eva gaf alls út fimm bækur á meðan hún lifði. Bókina *Hvíta vængi* gaf hún út árið 1946, en hún samanstendur af tveimur hlutum, sá fyrri nefnist *Sögur og æfintýri*, en sá seinni *Ljóð*. Árin 1947 og 1948 gaf hún út bækurnar *Það er gaman að lifa* og *Paradís bernsku minnar og fleiri sögur* en báðar innihalda þær sambland af endurminningum Evu, sögum frá fólki nákomnu henni og ævintýrum. Þá gaf hún út bókina „*Margt er smátt í vettling manns*“ árið 1952, en innihald hennar er af svipuðum toga og í bókunum tveimur á undan, nema nú eru sögurnar heldur styttri eins og nafnið gefur til kynna. Síðasta bók Evu er svo *Á dularvegum*, sem Eva gaf út árið 1956, en þar skrifaði hún niður ýmsa drauma og fyrirboða sína.

Sumarið 2019 var Héraðsskjalasafni Austfirðinga færður kistill úr eigu Evu. Þessi kistill hafði að geyma ýmsar eigur hennar, svo sem bækur, bréf, kort og ljósmyndir. Einnig var þar að finna handrit frá henni. Meðal þeirra eru tvær þykkar gamlar stílabækur, þrjár litlar gular stílabækur, ein fundargerðabók og eitthvað af lausum handritum. Í þessum handritum má finna ýmislegt sem komið hefur út á prenti eftir Evu, en einnig er töluvert af verkum eftir hana sem ekki hafa birst áður. Hér verða útgefin verk Evu og handrit úr kistlinum skoðuð og borin saman. Kannað verður hvort í kistlinum leynist eitthvað bitastætt sem ekki hefur verið gefið út og hvers konar skáld Eva Hjálmarsdóttir var.

Abstract

The writer Eva Hjálmarsdóttir was born in Stakkahlíð in Loðmundarfjörður in the year 1905. All her life she fought epilepsy and because of that she was always quite unwell, she died in the year 1962, then only fifty-six years old. She loved fiction and poetry and despite her bad health, she was usually happy. In her life, Eva managed to publish five books. The book *Hvítir vængir* (e. *White Wings*) was published in 1946. It has two sections, the former one is called *Sögur og æfintýri* (e. *Stories and Fairy Tales*) and the latter is called *Ljóð* (e. *Poetry*). In the years 1947 and 1948, she published *Það er gaman að lifa* (e. *It is Fun to Be Alive*) and *Paradís bernsku minnar og fleiri sögur* (e. *The Paradise of My Youth – and Other Stories*), both are mixtures of Eva's memoirs, stories from people close to her and fairy tales. In the year 1952 she published the book "*Margt er smátt í vettling manns*" (e. "*There are Many Small Things in One's Mitten*"), which is built up similar her other last two books, but as the name suggests all narratives are quite short. Eva's last book was published in 1956 and is called *Á dularvegum* (e. *On a Mystical Path*), it consists of narratives of her dreams and revelations.

In the summer of 2019, Héraðsskjalasafn Austfirðinga received a chest that belonged to Eva. It contained some of her earthly possessions like books, letters, greeting cards and photographs. Inside it there were also some manuscripts of hers. They include two old and thick notebooks, three small yellow notebooks, one meeting notebook with numbered pages and some other manuscripts. They contain some of Eva's published work and a good amount of unpublished work. In this paper her published and unpublished work is looked at and compared in order to see if something remarkable is hidden among Eva's unpublished work and some light will be cast on what type of author Eva was.

Formáli

Þegar ég stóð frammi fyrir því að þurfa að velja mér efni til að skrifa um í BA-ritgerð ákvað ég að hafa samband við starfsfólk Héraðsskjalasafns Austfirðinga. Ég var opin fyrir ýmsu en helst vildi ég skrifa um austfirsku skáldkonu eða -konur. Starfsfólkið útbjó fyrir mig lista yfir austfirskar skáldkonur sem lítið hefur verið fjallað um. Á þessum lista var nafn Evu Hjálmarsdóttur, en starfsfólkið vakti sérstaka athygli mína á að ættingjar Evu hefðu fært safninu kistil sem ekki væri búíð að skoða til hlítar. Þessi kistill vakti áhuga minn og varð úr að ég ákvað að hella mér í að skoða innihald hans. Kistillinn hefur að geyma margt áhugavert og gefur góða sýn inn í líf Evu. Hann sýndi mér hversu mikilvægt það er að skrá niður minningar og sögur úr lífinu, því annars fellur það allt í gleysku og glatast að eilífu.

Fyrir vikið er ég mjög þakklát þeim Báru Stefánsdóttur og Magnhildi Björnsdóttur á Héraðsskjalasafni Austfirðinga fyrir ábendinguna og alla þá aðstoð sem þær hafa veitt mér. Til þeirra er alltaf gott að leita og eru þær ávallt boðnar og búnar að veita þá björg sem þarf. Einnig vil ég þakka Ólafíu Herborgu Jóhannsdóttur, frænku Evu, fyrir alla þá hjálp sem hún veitti og fyrir að gefa mér betri sýn inn í líf frænku sinnar, með sögum sínum og bréfum. Þá vil ég þakka leiðbeinanda mínum fyrir öll liðlegheitin, frábærar ábendingar og allan vísdominn og hjálpina við skrifin. Síðast en ekki síst vil ég þakka eiginmanni mínum, Jóhanni Hjalta Þorsteinssyni, fyrir að því er virðist endalausán yfirlestur og óþrjótandi þolinmæði við að sjá um börn og bú á meðan ég sinnti náminu, en hann er bæði stoð mín og stytta.



Mynd 1. Kistill Evu Hjálmarsdóttur.

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	6
2	Æviágrip Evu Hjálmarsdóttur.....	8
3	Útgefin verk Evu Hjálmarsdóttur	10
3.1	<i>Hvítir vængir</i>	10
3.2	<i>Það er gaman að lifa</i>	12
3.3	<i>Paradís bernsku minnar og fleiri sögur</i>	13
3.4	<i>„Margt er smátt í vettling manns“</i>	14
3.5	<i>Á dularvegum</i>	15
4	Handrit úr kistli.....	17
4.1	Laus handrit í kistlinum.....	17
4.2	<i>Með hækkandi sól</i>	18
4.3	<i>Á dularvegum II</i>	19
4.4	<i>Sögur Evu Hjálmarsdóttur frá Stakkahlíð</i>	20
4.5	Gul stílabók	21
4.6	<i>Sunna –ljóð, sögur og ævintýri</i>	22
4.7	<i>Bernskuljóð –Ljóðmæli</i>	23
5	Niðurstöður.....	25
	Heimildaskrá.....	26

Myndaskrá

Mynd 1. Kistill Evu Hjálmarsdóttur.	3
Mynd 2. Eva í Danmörku.	7

Ljósmyndirnar eru í eigu Héraðsskjalasafns Austfirðinga

1 Inngangur

Eva Hjálmarsdóttir var mikill sjúklingur nánast alla sína tíð, en hún náði engu að síður að gefa fimm bækur út á prenti. Fyrsta bók hennar *Hvítir vængir* kom út árið 1946 og er henni skipt upp í tvo hluta. Fyrri hluta bókarinnar kallar Eva *Sögur og æfintýri* og inniheldur hann nokkrar endurminningar og sögur frá heimaslóðum hennar í Stakkahlíð ásamt frumsömdum ævintýrum. Seinni hluti bókarinnar hefur að geyma ljóð og dregur nafn sitt af því, *Ljóð*. Ári seinna kom út bókin *Það er gaman að lifa* sem er safn endurminninga Evu ásamt örfáum sögum og ævintýrum. *Paradís bernsku minnar og fleiri sögur* kom svo út árið 1948, en í henni má einnig finna endurminningar ásamt tveimur ævintýrum í lokin. Þá tók Eva örlitla hvíld í útgáfu, en bókin „*Margt er smátt í vettling manns*“ kom út árið 1952. Hún samanstendur af endurminningum, sannsögum frá fólki sem henni stóð nærri og ævintýrum, ýmist eftir Evu sjálfa eða þýddum af henni. Eins og nafn bókarinnar gefur til kynna eru þarna margar stuttar frásagnir. Síðasta bók Evu, *Á dularvegum* kom svo út árið 1956, en í henni má finna frásagnir af draumum og fleiru dularfullu sem Eva upplifði.

Í júlí 2019 afhentu ættingjar Evu Héraðsskjalasafni Austfirðinga kistil sem hafði verið í eigu hennar (Héraðsskjalasafn Austfirðinga, 2019). Í þessum kistli má finna ýmsar eigur Evu og þar á meðal Ljóðabók frá móður hennar, bókaskrá Evu, eitt hefti af ársritinu *Draupni* (Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm, 1892/1909), *Íslenska málfræði handa byrjendum* (Jónas Jónasson, 1920) og *Sögur Rannveigar* (1919) eftir Einar H. Kvaran, en á honum hafði Eva miklar mætur. Í kistlinum eru einnig ýmis bréf, kort og skeyti sem send voru Evu sem og ljósmyndir úr hennar fórum. Áhugavert er að nefna eina ljósmynd úr kistlinum, en hún er af Evu ásamt nokkrum fleiri konum, á einhverri strönd, líklega í Danmörku einhvern tíma á árunum 1926–1929. Aftan á myndina hefur Eva sjálf skrifað með skjálfandi rithönd „Reyni að brosa“, en áritun Evu aftan á ljósmyndinni veitir nokkra innsýn í raunverulegt ástand hennar. Þá eru ótalin handritin sem hún skildi eftir sig. Þarna má finna fundargerðabók, þrjár gular stílabækur, tvær eldri stílabækur og þó nokkuð af lausum handritum sem voru upprúlluð í kistlinum. Markmið þessarar ritgerðar er að kanna útgefin verk Evu, sjá hvað þessi handrit innihalda, greina muninn þar á milli og hvað þetta allt segir um hana sem skáld.



Mynd 2. Eva í Danmörku.

Eva Hjálmarsdóttir er önnur frá hægri, í hvítu blússi og dökku pilsu.

2 Æviágrip Evu Hjálmarsdóttur

Eva Hjálmarsdóttir fæddist þann 16. nóvember árið 1905 í Stakkahlíð í Loðmundarfirði (Þjóðskjalasafn Íslands, 2021). Hún var dóttir hjónanna Hjálmars Guðjónssonar og Kristbjargar *Elísabetar* Baldvinsdóttur (Ármann Halldórsson, 1975, bls. 455 og 458). Þau Hjálmar og Elísabet bjuggu þá í Stakkahlíð hjá foreldrum Elísabetar, Jóni *Baldvini* Jóhannessyni og Ingibjörgu Stefánsdóttur. Hjálmar og Elísabet bjuggu á Klyppsstað frá árinu 1912 til ársins 1916, en þá fluttu þau til Seyðisfjarðar. Alls eignuðust Hjálmar og Elísabet sjö börn. Eva var elsta barn þeirra hjóna, þá fæddist Jóna, svo Ingibjörg, Emilía, Laufey, Karl og loks Áróra árið 1930. Laufey var ung að árum þegar hún lést, en Eva tileinkaði bókina *Paradís bernsku minnar og fleiri sögur* (Eva Hjálmarsdóttir, 1948) minningu Laufeyjar; en þar tileinkar Eva henni einnig kaflann *Laufeyjarþættir* (bls. 104). Þó að foreldrar hennar flyttu á Klyppsstað, næsta bæ innan við Stakkahlíð, bjó Eva áfram hjá afa sínum og ömmu, þeim Baldvini og Ingibjörgu. Einhverjum sumrum táningsáranna eyddi Eva þó á Seyðisfirði hjá foreldrum sínum. Hún bjó í Stakkahlíð til ársins 1926 þegar hún flutti til foreldra sinna á Seyðisfjörð.

Eva staldraði ekki lengi við á Seyðisfirði því síðla árs 1926 fór hún til Danmerkur þar sem hún dvaldi á Kolonien Filadelfia í Diónulundi á Sjálandi, en það er spítali fyrir flogaveika. Eva þjáðist af flogaveiki og lituðu veikindin líf hennar frá því hún var ung. Strax fyrir tvítugt átti hún oft erfitt með gang sökum verkja og seinna átti hún eftir að missa valdið yfir líkamanum að miklu leyti; en það leiddi til þess að hún var rúmföst mestan part ævinnar og átti einnig í erfiðleikum með ýmislegt annað eins og að valda penna (Eva Hjálmarsdóttir, 1956, bls. 16–17). Dvaldi Eva í Danmörku fram til vors árið 1930, en þá fór hún aftur á Seyðisfjörð. Frá vorinu 1931 og allt fram á síðasta dag lá Eva að mestu leyti inni, ýmist í Víðihlíð eða á Nýja Kleppi. Æskustöðvarnar í Loðmundarfirði áttu þó ávallt hug hennar og hjarta.

Loðmundarfjörður er í Norður-Múlasýslu á Austurlandi. Hann liggur inn af Seyðisfjarðarflóa og er næsti fjörður norðan við Seyðisfjörð. Fjörðurinn sjálfur er ekki stór, en hann er um fimm og hálf kílómetra langur og er breiddin um þrjár kílómetrar við fjarðarmynnið. Inn af Loðmundarfirði liggja dalir tveir, Norðdalur og Bárðarstaðadalur, en báðir eru þeir stuttir og þröngir. Háir fjallgarðar ramma fjörðinn og dalina tvo inn á þrjá vegu, en þeirra vegna eru leiðir til og frá firðinum erfiðar yfirferðar. Til austurs er fjörðurinn svo opinn mót hafi, en úthafsaldan gerir lendingu í firðinum harðsotta. Þessi staðreynd hefur haft áhrif á búsetu í firðinum, en laust fyrir árið 1940 fluttust tvær stórar

fjölskyldur úr honum (Ármann Halldórsson, 1975, bls. 446). Árin þar á eftir lögðust bæirnir hver af öðrum í eyði, árið 1973 var flutt af síðasta bænum og fjórðurinn því allur kominn í eyði.

3 Útgefin verk Evu Hjálmarsdóttur

3.1 *Hvítir vængir*

Fyrsta bók sem Eva sendi frá sér er *Hvítir vængir* árið 1946. Þá var Eva orðin 41 árs gömul og hafði verið sjúklingur um langt skeið. Séra Sveinn Víkingur skrifaði formálsorð að bókinni. Þar segir hann frá veikindum Evu og að hún hafi hvorki getað valdið penna lengi vel né haft þrek til að setja sjálf saman efnið í bókina. Hann hafi því haft hönd í bagga með henni og séð um útgáfuna fyrir hana að mestu. Einnig hafi hann lagað línur hér og hvar í textanum. Sveinn Víkingur segir að Eva hafi samið mestan hluta efnisins á árunum 1917–1922, en þá hafi hún verið á unglingsárum. Þar sem hún hafði verið heilsulaus lengi fyrir útgáfu bókarinnar mætti segja að tvær persónur hafi samið efnið, það er annars vegar „unglingurinn Eva“ og hins vegar „sjúklingurinn Eva“. Bókinni er skipt upp í tvo hluta. Síðari hlutinn inniheldur í það heila 106 ljóð af ýmsu tagi eftir Evu, en sá fyrri hefur að geyma 18 sögur og ævintýri.

Bókin dregur nokkurn dóm af því að skáldið var á unglingsárum þegar hún samdi hluta hennar. Til að mynda biður Eva lesendur sína að fyrirgefa sér hversu barnaleg frásögnin Steinhóll er, en hana skrifaði hún þegar hún var fimmtán ára. Þess má þó geta að þau orð koma aðeins fyrir í handritinu *Sunna – Ljóð, sögur og ævintýri*, sem er eitt af skrifuðum handritum Evu úr kistlinum, sem og þegar hún sendi *Æskunni* (1922) söguna til birtingar. Í *Hvítum vængjum* hefur Sveinn Víkingur tekið þessi orð út einhverra hluta vegna, þó að hægt sé að gera sér í hugarlund að honum hafi þótt þau óþörf. Steinhóll er endurminning frá æskuárunum í Stakkahlíð, þar sem Eva lýsir hvernig hún lék sér ásamt fleiri börnum. Hún endar á að hylla æsku sína og senda henni sínar bestu kveðjur.

Sögurnar eða endurminningarnar í bókinni eru níu talsins og eiga flestar sér stað á barna- eða unglingsárum Evu. Óhætt er að segja að ljúfsárt yfirbragð sé yfir þeim. Hún rifjar upp góðar stundir frá liðnum tíma, en þó má glögggt greina þær erfiðu stundir sem Eva átti á uppvaxtarárunum. Sagan Fermingarsysturnar segir til að mynda frá hvernig hún og Gunna, fermingarsystir Evu, skemmtu sér við leik nokkru fyrir ferminguna. Þá skildust leiðir og hittust þær aftur einhverjum árum seinna. Þá var Eva orðin veik og sat úti að njóta sólarinnar þegar fermingarsystir hennar kom aðvífandi. Eva fann þá og sá á fasi hennar að Gunnu þótti Eva ekki lengur samboðin sér því hún rétt heilsaði henni í þann mund sem hún gekk fram hjá. Þetta atriði er hugsanlega svolítið lýsandi fyrir líf Evu, sem átti sökum veikindanna ekki samleið með jafnöldrum sínum í gegnum lífið.

Ævintýrin í bókinni eru, líkt og endurminningarnar, nú talsins. Þau sem eru tímasett skrifaði Eva þegar hún var fimmtán til sautján ára gömul. Þetta eru því ævintýri ungs skálds og sum þeirra bera þess augljós merki að vera skrifuð fyrir börn og ungmenni. Þar má til dæmis geta um ævintýrið Kattamótið, en aðalsöguhetja þeirrar sögu er Mjáus Músíusson, hreppstjóri í Músabæ í Rottusveit. Þá er ævintýrið Meyjan úr djúpinu stæling á Litlu hafmeyjunni eftir Hans Christian Andersen. Þó er prins hafmeyjunnar ekki prins í útgáfu Evu, heldur er hann fátækur bóndasonur og er ástin meira virði en gull og gersemar.

Síðasta saga bókarinnar er Bergrós og Haukur, en Eva skrifaði hana niður árið 1922 þegar hún var 17 ára gömul. Þetta er tregafull ástarsaga þar sem prestsdóttir og fátækur bóndasonur fella hugi saman en prestshjónin vilja gefa hana sýslumannssyninum. Eftir miklar hrakfarir ná elskendurnir saman eftir að bóndasonurinn, Haukur, hefur sannað hug sinn með því að bjarga Bergrós frá drukknun og víkur svo ekki frá sóttarbeiði hennar langt á aðra viku.

Seinni hluti bókarinnar inniheldur svo ljóð og þulur eftir Evu. Þessi kveðskapur sýnir vel hinn innri mann sem Eva hafði að geyma. Þau eru mörg hver glaðleg og glettin eins og sjá má á ljóðinu Bíllinn kemur, en það hljóðar svo: „Farartækið fór í hlað, / fannst mér undurgaman. / Gaus fram úr því geislabað; / gretti eg mig í framan“ (Eva Hjálmarsdóttir, 1946, bls. 153). Eva naut þess að yrkja og gerði mikið af því ævina á enda, en þar sem hún gat varla valdið penna í svo mörg ár fyrir andlát sitt hefur margt af þeim skáldskap farið í glatkistuna því ekki hafði hún alltaf haft einhvern til að skrifa niður fyrir sig. Eva hélt fastataki í sitt góða fas og þó syrti í álinn reyndi hún oft að sjá bjartar hliðar á lífinu. Ljóðið Í leiðindum þykir mér sýna þessa bjartsýni ágætlega:

Ein sit eg inni á rúmi,
sem öldungur, beygð og lotin,
í einhverju óráðshúmi.
Eru nú skip mín brotin?
Nei! Eg veit, er eitthvað syrtir,
af einu við draumlands ströndu.
Og bráðum, þegar birtir,
blikar á seglin þöndu.

(Eva Hjálmarsdóttir, 1946, bls. 111)

Eins og þetta ljóð sýnir reyndi Eva að líta fram á við og sjá bjartari tíma þegar hún þurfti á að halda. Þó stundum sé alvaran fyrirferðarmikil í kveðskap Evu, er sitthvað um ljóð í bókinni með ævintýraleikum blæ. Til dæmis má nefna Gunnhildi (bls. 139), en það er ævintýraljóð um fjallið Gunnhildi sem stendur hinum megin Loðmundarfjarðarins, gegnt Stakkahlíð. Í *Hvítum vængjum* er líka erfiljóð sem Eva orti um fólk sem var henni kært en fallið hafði frá. Þá ber einnig svolítið á náttúrulegum, þar sem bæði náttúran og veðráttan gegna stóru hlutverki líkt og Haustvísa sýnir vel: „O‘n af himni hrýtur snjór, / herlög ýlfrar vindur. / Fyrir nesjum nauðar sjór, / nástrá bíta kindur.“ (Eva Hjálmarsdóttir, 1946, bls. 178)

3.2 *Það er gaman að lifa*

Árið 1947 kom út bókina *Það er gaman að lifa*, hún er því önnur bók Evu sem út kom á prenti. Bókina tileinkaði hún Ingibjörgu ömmu sinni og Baldvini afa sínum sem tóku hana að sér fyrstu ár ævi hennar. Í formála bókarinnar þakkar hún séra Sveini Víkingi fyrir að hjálpa sér við útgáfu bókarinnar. Þar talar Eva einnig um að hugsanlegt geti verið að fólki kunni að finnast það undarlegt að hún nefni bókina þessu nafni því hún sé svo mikill sjúklingur, en eins og hún kemst sjálf svo vel að orði: „Mörgum kann að finnast það djarft af mér, sjúklingnum, að kalla bókina þetta, Gaman er að lifa, en tilfellið er, að það er gaman að lifa, jafnvel þó að maður sé í sárum og margt blási á móti. Lífið er svo ríkt af fegurð, bara ef menn gefa sér tíma til að taka eftir því. Á eftir nóttu kemur dagur, sem ef til vill færir manni eitthvað gott og fagurt“ (Eva Hjálmarsdóttir, 1947, bls. 5).

Þarna sést glögglega sú bjarta sýn sem Eva hafði á lífið. Það er ekki að undra að menn hafi verið boðnir og búnir að hjálpa þessari glöðu og góðu konu við að koma verkum hennar á prent svo almenningur gæti notið þeirra. Sögur bókarinnar segir hún að séu allar sannar að mestu leyti, þó ein þeirra, Hrútur og kerling, sé stæling á danskri þjóðsögu sem hún hafi heyrt á bernskuárum sínum. Alls inniheldur bókina þrjátíu og eina sögu ásamt formála. Sögurnar eru flestar minningar hennar sjálfrar og margar hverjar úr bernsku Evu. Þó eru inn á milli nokkur ævintýri og ein þula. Sögurnar bera með sér þessa lífssýn Evu um að það sé í reynd gaman að lifa.

Sagan Góður náungi fjallar um Halldór Benediktsson sem sá um póstleiðina frá Borgarfirði til Seyðisfjarðar. Eva, og börnin öll, biðu með óþreyju eftir póstinum sem kom til Loðmundarfjarðar á mánaðarfresti. Halldór póstur, eins og hann var gjarna kallaður, var barnmargur og fátækur maður. Hann var þó ávallt með hýra lund, sögur og almenna gleði með í farteskinu, ásamt öllum póstinum. Eva endar minninguna á þeim

orðum að hún hugsi ávallt til hans þegar hún heyrir getið um góðan. Þá fjallar endurminningin Tólfótungurinn um það þegar Eva fór eitt sinn í berjamó og tók þriggja ára gamlan frænda sinn með sér. Önnur saga, Þegar ég ungaði út, segir frá því þegar ein hænna á bænum vildi ekki sitja á eggjum sínum svo Eva tók sér á hendur það verkefni að unga egginu út. Þar sem hún lá hvort sem er fyrir setti móðir hennar eggðið ásamt ullarflóka inn á milli brjósta hennar og leyfði Evu að sjá um það. Vitaskuld endar þessi saga vel og fékk hænna nafnið Lukka.

Þrjú ævintýri má svo finna í bókinni, þar má nefna ævintýrið Hrútur og litla kerling sem er eins konar stæling á ónefndri danskri þjóðsögu, en Eva mundi ekki hvað hún hét. Fjallar ævintýrið um bóndason sem rekinn er að heiman, hann fær hulduhjálp og nær þannig með klókindum að eignast stúlkuna og býli föður hennar. Þá ber að nefna ævintýrið Hulduhjálpin, en það fjallar um stúlku sem liggur fyrir og getur því ekki tekið þátt í heyönnum. Hún biður til Guðs um að fólkið hennar fái hjálpar til að geta lokið störfum áður en byrjar að rigna. Þá kemur til skjalanna huldumeyja sem tekur til starfa fyrir veiku stúlkuna og hjálpar til við að heyja. Í lok ævintýrisins birtist hún stúlkunni, segir henni hver hún er og hvernig hún hafi hjálpað. Það er ekki laust við að hægt sé að sjá Evu sjálfri bregða fyrir í þessu ævintýri, því hún þurfti oft að liggja fyrir og gat ekki hjálpað til við störfin á býlinu.

3.3 Paradís bernsku minnar og fleiri sögur

Þriðja bók Evu, *Paradís bernsku minnar og fleiri sögur* kom út árið 1948. Bókin inniheldur alls ellefu sögur utan formálans og hefur að mestu að geyma endurminningar Evu sjálfar; þó er ein saga sem amma hennar sagði henni og hún rifjar hér upp, en það er sagan Símon Dalaskáld. Hún endar svo bókina á tveimur ævintýrum. Líkt og aðrar bækur Evu hefur þessi að geyma stuttan formála þar sem hún útskýrir ýmislegt í bókinni. Þá vindur hún sér í titilsögu bókarinnar, *Paradís bernsku minnar*, en segja má að hún sé lýsandi fyrir það sem á eftir kemur í bókinni.

Frásögnin er í þremur þáttum og hefst sá fyrsti á lýsingu á paradís Evu, en hún var í litlu herbergi í norðurenda baðstofunnar þar sem Eva svaf ásamt ömmu sinni og afa. Þar hélt Eva til á daginn með ömmu sinni og á kvöldin fékk hún ýmist lestur, söng, sögur eða kvæði frá ömmu sinni og afa þarna í paradísinni. Þar lifnaði heill ævintýraheimur við í huga ungrar stúlku. Eva rifjar svo upp ýmsar sögur, kvæði og lög sem amma hennar fór með fyrir hana á barnsárunum. Í öðrum þætti heldur hún áfram að rifja upp ljúfar minningar um leiki og gátur sem Ingibjörg amma hennar kenndi henni. Þá rifjar hún upp

sín fyrstu kynni af bókum í þriðja þætti (bls. 32). Þar talar hún um þegar amma hennar fékk *Bernódusarrímur* (*Rímur af Bernótus Borneyjarkappa – kveðnar 1823 fyrir síra Gunnlaug Gunnlaugsson á Kvinnabrekku af Magnúsi í Magnússkógum*; Magnús Jónsson, 1854/1907) lánaðar yfir vetur og hafði Eva mikla gleði af. Stuttu seinna hafði amma hennar fengið *Nýja sumargjöf* að láni og las í henni fyrir Evu, talar hún um að hún hafi ávallt verið í uppáhaldi hjá sér.

Frásagnirnar *Gamla stofan* og *Í fyrsta skipti* eru næstar á eftir *Paradís* bernsku minnar. *Gamla stofan* byrjar á lýsingu á stásstofunni í Stakkahlíð, þar var allt það fallegasta og fínasta sem amma hennar og afi áttu og þangað mátti ekki fara nema gesti bæri að garði. Á eftir lýsingunni kemur Eva með nokkrar minningar tengdar stásstofunni. Ein þessara minninga er frá því þegar Eva er um fimm ára og henni er sagt að fara í gömlu stofuna og hitta sýslumanninn. Henni leist ekki á blikuna og bjóst við að verða hent í tukthúsið, en þá vildi hann einungis fá að vita hvert nafn hennar væri og fleira af því tagi. Þetta hefur að öllum líkindum verið skráning fyrir manntalið á Íslandi árið 1910 (Þjóðskjalasafn Íslands, 2021). Sagan *Í fyrsta skipti* fjallar svo um fyrstu ferð Evu til Seyðisfjarðar, en það var sumarið 1912. Lesendur fá að sjá Seyðisfjarðarkaupstað með augum barns sem hafði ekki áður séð neitt jafn stórfenglegt. Eva lýsir Seyðisfirði næstum eins og stórborg þar sem gull og grænir skógar fást gegn vægu gjaldi. Hún talar líka um þegar hún sá og heyrði í þessari ferð, í fyrsta skipti, í grammófón (bls. 76).

Ævintýrin tvö sem finna má aftast í bókinni heita *Jólin* hans Leifs litla og *Dvergaspuni*. Það fyrrnefnda segir Eva að hún hafi samið fyrir skólabörn um jólin 1928 þegar hún var í Diónulundi í Danmörku og hafi þýtt hana seinna yfir á íslensku. Þetta er barnaævintýri um tíu ára stráak sem býr á litlum bóndabæ í ónefndum firði á Austurlandi. Honum leiðist að enginn skuli hafa tíma fyrir hann og að hann sé fyrir fullorðna fólkinu sem hefur nóg fyrir stafni. Í lokin kemur þó í ljós að mikið af því sem það streðaði við var fyrir drenginn og hann er þeim ævinlega þakklátur fyrir fallegar hugsanir og gjörðir. Seinna ævintýrið, *Dvergaspuni*, segir Eva að sé þýtt lauslega úr dönsku, en hún hafi stílfært það á eigin hátt. Upprunalega ævintýrið heitir að hennar sögn Pigen som kunde spinde Guld af Leer og Halm og er danskt.

3.4 „Margt er smátt í vettling manns“

Fjórða bók Evu, „*Margt er smátt í vettling manns*“ kom út árið 1952 á kostnað höfundar. Bókin er samsafn af endurminningum Evu, sögum frá fólki sem nálægt henni stóð og svo eru ævintýri inni á milli. Alls eru þetta þrjátíu og sjö frásagnir, en tuttugu og sjö þeirra

eru endurminningar Evu sjálfrar, auk þriggja ævintýra og sjö endurminninga nákominna eða sögur frá þeim. Að lokum má geta þess að bókin hefst á munnmælasögu sem heitir Loðmundur.

Saga þessi fjallar um Loðmund þann sem nam land við Loðmundarfjörð og Gunnhildi konu hans. Sagan gefur skýringar á ýmsum örnefnum í firðinum, eins og til að mynda heiti fjallsins Gunnhildar. Eva heldur svo áfram í Loðmundarfirðinum og rekur næst minningu sem hún kallar Sandinn. Hún fjallar um það þegar Eva var sjö eða átta ára gömul og afi hennar fór út á sandinn stuttu fyrir jól og fann þar jólatré, grenitré, sem rekið hafði á fjörurnar. Það hafði að vísu misst allar nálarnar, en hún segist ekki hafa munað neitt yndislegra en þetta fyrsta jólatré sem entist þeim í nokkur ár. Minningarnar eru sumar hverjar stuttar og einhverjar þeirra einungis örfáar línur. Þessi bók virkar því svipað og hálfgerð bernskudagbók miðaldra konu, þar sem hún rifjar upp löngu liðna atburði eftir bestu getu og setur þá niður á blað fyrir næstu kynslóðir að njóta. Eva leyfði þremur ævintýrum að fylgja með í bókinni, en þau eru Mjaðveig Mánadóttir, Brúðkaupið og svo ævintýrið Gamla tréð, en hún þýddi það úr norsku.

Mjaðveig Mánadóttir (bls. 66) segir Eva að sé sinn skáldskapur, þó hana minni að hafa heyrt einhverja sögu af stúlku með sama nafn, þá eigi sú saga ekkert skylt við þetta ævintýri. Samnefnt ævintýri er í *Þjóðsögum Jóns Árnasonar II*, en það er tilbrigði við Öskubusku (Jón Árnason, 1864, bls. 306–312). Ævintýri Evu fjallar um kóng og drottningu sem höfðu ekki eignast barn eftir fimm ára hjónaband. Með hjálp Guðs og Gabríels erkiengils eignuðust þau þó loks dóttur sem þau skírðu Mjaðveigu. Móðir kóningsins var svo ill yfir því að drottningin skyldi ekki nefna barnið í höfuðið á sér að hún setti þagnargull undir tungu Mjaðveigar svo hún yrði mállaus. Gabríel verndari barnsins uppgötvaði þetta og bjargaði hann þannig konungsríkinu.

3.5 Á dularvegum

Síðasta bókin sem Eva lét frá sér í prentun kom út árið 1956 og nefnist hún *Á dularvegum*. Bókin hefur að geyma dulrænar frásagnir svo sem drauma og vitranir. Alls er um að ræða fimmtíu og sex sagnir ásamt inngangi sem Eva skrifaði einnig sjálf. Þar ræðir hún um að hún hafi ávallt séð það sem öðrum var hulið og að hún hafi verið berdreymin frá því hún mundi eftir sér. Eva segir að sig hafi oft dreymt fyrir daglátum og sér eftir því að hafa ekki farið eftir því ráði að skrifa drauma sína strax niður. Hún reynir þó að vinna bót á því með útgáfu *Á dularvegum*, þó nokkuð sé um liðið frá flestum þeim atburðum sem þar eru skráðir. Eva lagði upp með að velja sem fjölbreyttasta drauma í bókina, en þó virðist

oft hanga mikill drungi yfir þeim því til að mynda kemur dauðinn títt við sögu þar sem hana dreymir alloft fyrir mannlátum.

Í frásögninni Engill dauðans segir Eva frá atviki sem gerðist sumarið 1943. Hún lá þá sem sjúklingur á deild III á Nýja Kleppi og var að eigin sögn mjög veik. Hún hafði vökukonu að nafni Betzý Petersen. Vökukona þessi ákvað að hvíla sig einhvern tímann yfir nóttina og lagði sig í auðu rúmi. Þegar konan var sofnuð sá Eva, sem hélt hún lægi sjálf vakandi í sínu rúmi, fagran engil. Hann ætlaði að koma og taka Evu, en þar sem hún hrökk undan köldum höndum hans fór hann að rúmi vökukonunnar og laut yfir hana. Í þann mund vaknaði Eva og vökukonan reis upp svo engilinn hvarf. Betzý lést svo á jólanótt árið 1944. Telur Eva að þessi sýn hafi verið fyrir láti hennar.

Hún skráði fleiri drauma með svipaða fyrirboða í bókina. Frásagnirnar Þegar séra Árni dó (bls. 84) og Árni kvaddi (bls. 86) spá báðar fyrir mannláti. Sú fyrirnefnda er draumur þar sem Evu dreymir að hún ætli að heimsækja séra Árna Sigurðsson sem var þriðji prestur Fríkirkjunnar í Reykjavík (Fríkirkjan í Reykjavík, 2021). Þegar hún kemur að húsinu er búið að snúa tröppunum við og þegar inn er komið sér hún hvar kona prestsins situr við rúm hans. Þetta sagði hún að boðaði feigð Árna, því sig hefði áður dreymt viðsnúnar tröppur sem boðuðu slíkt hið sama. Þetta segir hún að hafi verið rétt því í dagblaðinu daginn eftir var sagt frá láti prestsins. Þá segir hún frá draumi þar sem Árni frá Múla leyfði henni ekki að koma með sér í ferðalag því hún væri ekki ferðbúin. Vaknaði hún grátandi upp frá þeim draumi, en í blöðum morgundagsins sá hún tilkynningar þess að hann hefði dáið þá um nóttina.

Þó mikið sé um slæma fyrirboða eru einnig léttari frásagnir í bókinni. Mætti til að mynda nefna frásögnina Þróttur (bls. 102). Þar segir Eva frá draumi sem hana dreymdi í einmánuði, síðasta vetrarmánuði, árið 1947. Í draumnum var henni gefin flaska og henni sagt að hún ætti að drekka innihald hennar. Þegar hún leit á miða flöskunnar sá hún að á hana var letrað orðið þróttur. Eva hafði verið mjög veik þegar þessi draumur átti sér stað, en fór batnandi með degi hverjum upp frá honum og þá sér í lagi um sumarið. Hún taldi því víst að þessi draumur hefði verið fyrirboði þessara betri tíma sem hún átti fram undan.

4 Handrit úr kistli

4.1 Laus handrit í kistlinum

Ýmis handrit á lausum blöðum fundust upprúlluð í kistli Evu Hjálmarsdóttur (á.á.-d). Þar má til að mynda finna skrifað handrit fyrir bókina „*Margt er smátt í vettling manns*“ (Eva Hjálmarsdóttir, 1952b). Þar inni á milli frásagna er endurminning sem Eva kallar Fjöllin há, en hana er hvergi að finna á prenti. Þetta er endurminning um háu fjöllin sem umlykja Loðmundarfjörðinn á þrjá vegu, en í austri getur að líta opið hafið. Fjöllin verða til þess að varla sést til sólu í um fjóra mánuði á ári, en hún segir svipaða sögu af Seyðisfirði; nema hvað þar segir hún aðstæður örlítið verri því sólin setjst fyrr í Seyðisfirði en í Loðmundarfirði. Eva ræðir um fjallgarðana þarna í kring og sögur sem tengjast þeim, en handritið er óheilt því það vantar aftan á það einhverjar síður.

Fæðing nefnist svo önnur endurminning, en þar segir Eva frá því þegar frændi hennar fæddist þegar hún var á fimmta ári og þær vangaveltur sem hún hafði um barnið sem henni fannst vera of hrukkótt og rautt í framan. Þá má geta um minningu sem Eva skrifaði, eða fékk skrifaða fyrir sig þegar hún var í Víðihlíð árið 1961. Þá frásögn kallar hún Jólasögu, en hún á sér stað um jól nokkrum árum áður en minningin er skrifuð niður. Hún fjallar um lítinn vængbrottinn fugl sem söng fyrir utan gluggann hjá Evu í tvo daga áður en hann fannst. Það virtist vera sama hvað starfsfólk spítalans gerði til að bjarga fuglinum, ekkert dugði og hann drapst þá um jólin. Eins og Eva hugleiðir í lok frásagnarinnar, þá lifir minningin um fuglinn sem söng í sárum, þó sárt væri. Þessi orð skrifaði hún rétt um ári fyrir sinn síðasta dag og gæti hugsanlega einnig vísað sumpart í líf hennar sjálfrar, þar sem hún lá veik mestan hluta ævi sinnar, en reyndi þó að skrifa sem hún megnaði.

Þá má finna í þessum lausu blöðum handrit fyrir rétt rúmlega helming þeirra frásagna sem finna má í bókinni *Á dularvegum* (Eva Hjálmarsdóttir, 1956). Einnig er þarna að finna handrit sem eru af svipuðum meiði og Eva sendi frá sér til birtingar í dálkinum *Dulrænar frásagnir* sem birtur var í blaðinu *Vísi* á tímabili. Þar mætti nefna drauminn Höfuð Jóns (Eva Hjálmarsdóttir, 1952a), sem Hjálmar föður Evu dreymdi sumarið 1912. Maður nokkur að nafni Jón Jónsson dó og stóð kistan inni í Klyppsstaðarkirkju, en faðir Evu bjó að Klyppsstað. Dreymdi hann að Jón þessi segði sér að það færi svo illa um höfuðið á sér. Hjálmar fékk fleiri í lið með sér til að opna kistuna og kom þá í ljós að höfuð Jóns hallaði út á öxl. Aðra frásögn kallar hún Sígaunaspá (Eva Hjálmarsdóttir, 1953) og segir að meginástæðan fyrir skráningu hennar sé að forða henni frá glötun. Sú saga segir frá því þegar faðir Evu hitti fyrir sígaunakonu í Noregi. Hún spáði því að hann

ætti eftir að eignast góða konu og mörg börn. Sígaunakonnan sagði enn fremur að elsta dóttir hans ætti eftir að verða þekktur rithöfundur, en þó yrði einhver skuggi yfir henni.

Eva skráði niður ævintýrið Sástu hvergi Fox-fox?, en hún heyrði það sem barn. Ævintýrinu svipar til Öskubusku þar sem um ræðir karl og kerlingu sem eiga þrjár dætur. Tvær þeirra, Ása og Signý, eru í uppáhaldi hjá foreldrum sínum, en sú þriðja, Helga, er látin sofa í svínastífunni. Helga er send í för þar sem skessa reynir kosti hennar. Stenst Helga prófið og fær hún gull og gersemar að launum. Hinar systurnar vilja einnig fá slík laun svo þær fara sömu leið og Helga. Þær standast ekki prófið og fær Ása að launum rottu sem bítur af henni nefið og Signý fær nöðru sem bítur skarð í vörina á henni. Þá fer prinsinn í ríkinu að leita sér að konu. Hann segist ekki vilja sjá þessar sem vantar á nefið og vörina, en vill eiga Helgu sem birtist í gullskrúða.

4.2 *Með hækkandi sól*

Í kistlinum má finna bláa fundargerðabók (Eva Hjálmarsdóttir, á.á.-e) og á titilsíðu hennar stendur: *Með hækkandi sól. Smásögur eftir Evu Hjálmarsdóttur*. Því verður þetta handrit hér kallað *Með hækkandi sól*. Inniheldur bókin tuttugu og eina frásögn ásamt stuttum kafla sem Eva kallar Margr er að minnast, en hann spannar um fjórar og hálfu línu. Þar talar hún um að margar fallegar minningar komi upp í hugann þrátt fyrir að nóg sé af slæmum minningum. Mætti því segja að þetta væri eins konar formáli fyrir bókina. Þrjár af þessum frásögnum eru ævintýri, en átján þeirra eru endurminningar; ýmist hennar sjálfrar eða fólks sem henni tengdist á einn eða annan hátt.

Strax á eftir formálanum svokallaða er frásögn sem hún kallar Farin frá Stakkahlíð. Þar lýsir Eva minningum sínum frá því hún fór frá Stakkahlíð í síðasta skipti þann 17. apríl árið 1926 og sumarið sem á eftir fylgdi, en þá dvaldist hún hjá foreldrum sínum á Seyðisfirði. Foreldrar Evu bjuggu þá í húsi sem kallað var Pöntun, en þau voru leigjendur og hröktust því á milli húsa. Eva minnst þess þegar bróðir hennar var fermdur og allir fóru til kirkju nema hún. Notaði hún tímann til að skrifa kort til fermingarbarnanna og tvö löng bréf, en þá átti hún enn ekki í erfiðleikum með að valda penna. Stuttu seinna þurftu þau að flytja því eigandinn hafði selt ofan af þeim húsið og það eina sem var í boði var efra loftið á gömlu sjóhúsi. Þar sem Eva komst ekki sjálf flutti faðir hennar hana í handkerru líkt og hún væri eitt af húsgögnunum. Einnig er vert að minnast á að hún talar um að þegar þau bjuggu í þessu sjóhúsi hafi verið von á konungshjónunum og hafi hún verið beðin um að yrkja til drottningarinnar en hafi neitað. Hún hafi hins vegar ekki getað

neitað afa sínum um þetta og orti því ljóð til hennar, en það var prentað og því dreift á Seyðisfirði.

Önnur frásögn kallast Guðrún í Korgi. Guðrún þessi átti fimm börn og voru fjögur þeirra flogin úr hreiðri. Hún hafði misst mann sinn og hafði eitt barn, Jón, eftir hjá sér. Jón réð sig á togara og féll útbyrðis. Það fékk svo á Guðrúnu að hún truflaðist á geði og var nauðungarvistuð á Kleppi, þar sem Eva lá fyrir. Urðu þær vinkonur og skrifaði Eva upp sögu hennar.

Þau þrjú ævintýri sem bókin hefur að geyma eru Fuglamótið, Húsið og Sástu hvergi Fox-fox?; en það síðastnefnda er einnig að finna á öðrum stað í handritunum. Ævintýrið Húsið er um dalastúlku sem hittir yndislegan mann. Hún segir farir sínar ekki sléttar og að sig vanhagi um hús til að búa í. Yndislegi maðurinn segir að hann geti hæglega orðið henni að liði, en hann sé einmitt að byggja hús sem sé nánast tilbúið. Hann sýnir henni húsið í gegnum skuggsjá, en þar sér hún húsið og systur sínar. Í lokin vaknar dalastúlkan og áttar sig á að þetta hafi verið draumur einn, en ákveður að hætta að vera í slæmu skapi og tileinka sér bjartsýni. Ævintýrið, Fuglamótið, fjallar um óðinshænu sem vill skrifa. Því miður lendir hún í slysi þar sem báðir vængir hennar, fætur og goggur brotna, en það verður til þess að hún getur ekki skrifað lengur. Hún fær hjálp frá annarri óðinshænu, en kemst fljótt að því að ekkert fæst án endurgjalds og þarf hún að borga ýmist með þjáningu eða fé. Úr verður að hún greiðir með fjöðrum sínum fyrir skrifin þangað til hún er orðin fjaðralaus, en þá er henni lofað fjárstyrk sem aldrei kemur. Óðinshænan stendur þó styrkum fótum á meðan hún nær að gleðja börn með sögum sínum. Það er vart efamál að í þessu ævintýri á óðinshænan að vera birtingarmynd Evu sjálfrar.

4.3 *Á dularvegum II*

Handritið *Á dularvegum II* er í einni af þremur gulum stílabók sem í kistlinum voru og er heitið skrifað á kápu bókarinnar (Eva Hjálmarsdóttir, á.á.-a). Bókin hefur að geyma nítján titla eða frásagnir og eru þær flestar draumar eða endurminningar sem tengjast dulspeki eins og nafnið gefur til kynna. Sextán þeirra birtust í bókinni *Á dularvegum* (Eva Hjálmarsdóttir, 1956), þá birtust fjórar þeirra frásagna einnig í *Vísi* árið 1952 (Einar Gunnarsson). Ein frásögn, Svarta kistan, birtist svo einungis í *Vísi* það sama ár. Tvær frásagnir í handritinu hafa þó hvergi birst annars staðar, en það eru „Láttu hann vera Dísá“ og Bréf frá Evu.

Sú síðarnefnda er ekki heil, fyllir einungis eina blaðsíðu og endar svo í miðri setningu. Sagan lofar þó góðu því hún fjallar um sögumann sem fer í heimsókn til vinkonu

og fær þar að borða grammófónsplötu, grænsápu, lambaspörð og fleira góðgæti. Ekki verður loku fyrir það skotið að einhvers staðar í handritum Evu leynist afgangur sögunnar, en þau eru ekki fullrannsökuð enn. „Láttu hann vera Dísu“ er svo frásögn eða draugasaga sem hefur átt að eiga sér stað um aldamótin 1900 í Vopnafirði. Fjallar hún um Dísu, sem var algengur draugur á Austurlandi og að sögn Evu er hægt að lesa um hana í *Þjóðsögum* Sigfúsar Sigfússonar. Enn fremur segir Eva að Dísu þessi liggi í gamla kirkjugarðinum að Dvergasteini í Seyðisfirði.

4.4 Sögur Evu Hjálmarsdóttur frá Stakkahlíð

Önnur af þremur gulum stílabókum sem í kistlinum fundust er merkt á kápu *Sögur Evu Hjálmarsdóttur frá Stakkahlíð* (Eva Hjálmarsdóttir, á.á.-f). Þegar þetta handrit er skoðað kemur í ljós að stundum hefur fyrst verið skrifað öðrum megin á síðurnar, og svo á hina hlið síðnanna. Þetta gerir að verkum að erfiðara er greina hvað á saman. Þetta handrit er frábrugðið öðrum verkum Evu að því leyti að meira er um gamansamar frásagnir í því, en einnig eru þarna þó nokkrar skráttur.

Eina frásögnina nefnir Eva Þakkaraskap, en hún fjallar um konu sem var niðursetningur á innsta bæ í Loðmundarfirði og strákur sem á bænum bjó. Hann gerði mikið af því að gera lítið úr henni á allan hátt. Hann tók eftir því að hún svæfi ávallt með opinn munn. Hann boraði því gat á baðstofuloftið beint fyrir ofan fletið hennar og meig í gegnum gatið. Gamla konan stefndi honum fyrir þetta og var hann dæmdur til að greiða henni miskabætur, en einnig fékk hann háðvísu í kaupbæti: „Í hlandmálinu fór hann flatt / fé og æru misstir / aldrei talar eitt orð satt / Árnarstaðapissir.“ Eva lætur svo fylgja með að það hafi verið Baldvin afi hennar sem dæmdi strákinn.

Frúin í Grásteini er saga sem Eva skrifaði, eða lét skrifa niður fyrir sig, árið 1956 þegar hún lá inni í Víðihlíð. Eva segir að sig hafi dreymt þessa sögu og í draumnum hafi hún orðið fræg fyrir hana. Frúin í Grásteini er lengsta frásögn handritsins. Sagan fjallar um stúlkuna í dalnum sem horfir yfir hrímaða jörðina og hugsar um hversu ein hún er. Þá sér hún þrjá blossa í hlíðinni og hugsar með sér að nú sé einhver í hættu staddur. Hún ákveður að Frúin í Grásteini sé að senda sér boð. Hún fer upp að Grásteini, en sér til mikillar undrunar sér hún að þar stendur hús og út kemur fögur kona. Hún ávarpar stúlkuna sem dóttur dalsins og segist sjálf vera sál sveitarinnar og heita Dúnhildur. Hún býður stúlkunni inn í hús, gefur henni að borða og klæðir hana upp. Þær fara svo að Hrafnabjörgum þar sem stendur álfakirkja og er álfabruðkaup í vændum. Í ljós kemur svo að Dúnhildur á dökkar verur sem hún læsir innan girðingar, en þær kallar hún Öfund,

Ágirnd, Lygi og Nábuakítur. Einnig á hún fimm uppkomin börn sem heita Friður, Gleði, Búsæld, Ánægja og Skylda. Þau eiga að tákna hið slæma og hið góða framferði fólks. Þegar stúlka dalsins segist ekki eiga neina hirslu til að geyma búninginn sinn í segir Dúnhildur að hún eigi endurminningarnar og þar rúmist margt. Sagan endar svo á að stúlkan rankar við sér við eldhúsvegginn, hana hefur því verið að dreyma.

Í handritinu má einnig finna kafla þar sem Eva skrifaði niður einhverja drauma og fyrirbæri eða fyrirboða. Flestir þessir draumar og fyrirboðar tákna andlát einhvers. Í frásögn sem Eva nefnir Fyrirbæri segir hún frá að eitt kvöldið seint um haustið 1956 hafi hún verið hrygg vegna þess að hún hafði misst af því þegar útvarpsstjóri las upp dagskrá vetrarins. Hún segir að hún hafi hugsað með sér að vonandi myndi Pálmi Hannesson vera með einhver erindi því það væri svo gaman að hlusta á hann. Í sama mund og hún hugsaði þetta var sem rúmið hennar nötraði og segir hún að sér eldra fólk myndi kalla það feigðarboð. Fljótlega heyrði hún svo í útvarpinu að maðurinn væri látinn. Fleiri frásagnir eru þessari líkar í handritinu, þ.e. ýmist dreymir hana eða eitthvað furðulegt gerist sem er fyrirboði um andlát einhvers.

Einnig skrifaði Eva þó niður drauma sem boðuðu gott eins og frásögn sem hún kallar Draumur 771, þar lýsir hún hvernig hana dreymdi að frænka sín, Aðalbjörg, kæmi með pakka handa henni og legði á rúmið hjá sér, var það kjólaefni úr bláu silki. Daginn eftir segir Eva að forsetafrúin þáverandi, Dóra Þórhallsdóttir, hafi komið til hennar með tvo bláa seðla og lagt á sængina líkt og frænkan hafði gert. Ekki fylgir þó sögunni hvort fé þessu var varið í kaup á nýjum kjól.

4.5 Gul stílabók

Þriðja gula stílabókin sem fannst í kistlinum er alveg ómerkt. Hér verður hún því einungis kölluð *Gul stílabók* (Eva Hjálmarsdóttir, á.á.-c). Bók þessi er frábrugðin hinum tveimur stílabókunum að því leyti að hún hefur að geyma hvít blöð án línustrikunar. Bókin er þéttskrifuð og þó nokkuð er um að búið sé að strika yfir orð og setningar og lagfæra með breyttu orðalagi. Bókin inniheldur aðeins fimm frásagnir. Ein þeirra er þýðing á smásögunni *A child's dream of a star* eftir Charles Dickens (2013), en Eva kallar hana Draumur barns um stjörnu. Aftan við hana stendur að hún hafi verið send *Æskunni* en ekki virðist hún þó hafa verið birt. Aðrar sögur í handritinu heita Hringur kardinálans; Gamanleikur og Sagan af frú Borghildi Hartvig, en þær eru þó ekki heilar.

4.6 *Sunna – ljóð, sögur og ævintýri*

Í kistli Evu fundust tvær gamlar stílabækur sem báðar eru harðspjalda og með dökka kápu. Á annarri þeirra stendur skrifað inn í bókarkápuna „ljóð, sögur og ævintýri“ og á titilblaðinu stendur skrifað „Sunna“. Þetta handrit verður hér kallað *Sunna – ljóð, sögur og ævintýri* (Eva Hjálmarsdóttir, á.á.-g). Á titilsíðunni er einnig að finna fyrsta ljóð bókarinnar, en það hljómar svo: „Hljótt er húmið væra / er horfi ég þar inn. / Lát mig af þér læra / ljósgeisli minn.“ Fyrir neðan stendur að Eva hafi ung mælt þetta fram.

Næstum allt sem skráð er í þetta handrit er dagsett og er það skrifað frá árinu 1920 til byrjunar árs 1925, en það þýðir að Eva hefur að öllum líkindum skrifað þetta sjálf. Alls er að finna 144 titla í handritinu. Þrjú ævintýri eru þar og komu þau öll út á prenti, tvö í bókinni *Hvítum vængjum* (Eva Hjálmarsdóttir, 1946) og eitt í bókinni *Það er gaman að lifa* (Eva Hjálmarsdóttir, 1947). Þá eru alls sex draumar skráðir í handritið og komu fjórir þeirra út á prenti í bókinni *Á dularvegum* (Eva Hjálmarsdóttir, 1956). Níu frásagnir eða smásögur má finna í handritinu og gaf Eva átta þeirra út á prenti, en sú níunda er þýðing á danski þjóðsögu. Annað í handritinu, þeir 126 titlar sem eftir eru, eru ljóð og annar kveðskapur. Í það minnsta hafa 29 þessara ljóða komið út á prenti og flest þeirra í bókinni *Á hvítum vængjum*, þó sendi Eva einnig einhver ljóð til birtingar í tímaritum. Það er því ljóst að hér er um auðugan garð að gresja.

Í þessu handriti eru blaðsíðurnar flestar númeraðar af höfundinum en þó virðist vera að vanti inn í handritið, sér í lagi þó í síðari hluta þess. Á blaðsíðu 20 er þula sem Eva skráði niður sumarið 1921, þegar hún var fimmtán ára. Heitir hún Veikinda þankar og hljómar svo:

Því ligg jeg svo lágt? Jeg ligg því mig vantar
í fæturnar mátt. Þolinmóð verð jeg að þreyja,
það dugar ekki að láta kjarkinn deyja.
Inni kyrrt er allt og hljótt,
eins og væri um miðja nótt.
Klukkan tifar títt og ótt
tifar hún jafnt dag og nótt.
Inni sit jeg alein hjer, ekki skem[m]tir lífið mjer,
en samt ég brosi við og við,
því við mjer blasir fagurt svið,
er fer jeg komast fætur á, fjarri sorgum verð jeg þá.
Er mjer batnar, eins og'veit, og jeg kemst um blómareit.
Lífið draumur ætíð er, sem eilífðinni fljótt að ber.
Gaman verður að vakna þá, og vera laus við drauma er hrjá.
Að líða frjáls um loftin blá, laus við jarðar kífið;

Því hef ég ætíð huga á, er harðast finnst mér lífið.
Jeg er ei hrædd við heljarhúm,
jeg hugsa um ljósið bjarta.
Í himnasölum hef jeg rúm,
ei heftir myrkrið svarta.

(Eva Hjálmarsdóttir, á.á.-g, bls. 20)

Þessi þula er einkennandi fyrir skáldskap Evu. Hún sér og upplifir myrkar hliðar lífsins í veikindum sínum, en gerir í leiðinni sitt besta til að takast á við erfiðleikana með bjartsýnum augum. Hún horfir keik fram á veginn og gerir eins og hún getur til að brosa mót því sem koma skal.

4.7 *Bernskuljóð – Ljóðmæli*

Síðasta handrit kistilsins sem skoðað verður hér er seinni „gamla stílabókin“, en framan á kápu hennar stendur „Bernskuljóð“ og á titilblað hefur verið ritað „Ljóðmæli“. Hefur því handritinu hér verið gefið heitið *Bernskuljóð – Ljóðmæli* (Eva Hjálmarsdóttir, á.á.-b). Líkt og hin gamla stílabókin er þessi einnig bundin í harða kápu. Mikið af því sem skráð er í hana er dagsett, en þó er hér meira um að skrifa séu ódagsett. Ef tekið er mið af dagsetningum hefur þessi bók tekið við af *Sunnu – Ljóðum, sögum og kvæðum* (Eva Hjálmarsdóttir, á.á.-g), en nýjasta dagsetning þar er í byrjun árs 1925 á meðan sú elsta í þessu handriti er um vorið 1926. Yngsta dagsetning handritsins er svo 20. júní 1962, rétt um ári áður en Eva dó.

Þessi bók hefur að geyma alls 105 titla, allt ljóð af ýmsu tagi, og hafa að öllum líkindum aðeins örfá þeirra birst á prenti. Þá má þarna finna eitt ljóð eftir vinkonu Evu, Önnu Bjarnadóttur, þar sem hún hafði ætlað að heimsækja Evu árið 1955 í Víðihlíð en Eva verið of veik til að taka á móti nokkrum. Þegar rýnt er í ljóðatitla og ártöl þeirra, sést glögglega að Eva hefur ort á dönsku á meðan hún dvaldi í Danmörku, sem og þegar hún orti um veru sína þar eða til fólks sem hún þar kynntist.

Eva var einnig almennt dugleg að yrkja til fólks í áranna rás sem og senda stökur með í lok bréfa sem hún skrifaði. Þá orti hún mörg erfiljóð til horfinna vina og vandamanna. Sum skrifaði hún upp í bækur sínar og merkti við hver hefði fengið viðkomandi stöku. Þó eru í handritum hennar einhverjar stökur sem ekki er vitað hver fékk, ef einhver viðtakandi var. Læt ég hér fylgja tvær slíkar, en þær standa saman í bókinni en aðeins önnur þeirra er dagsett:

Engin gleði engin sól,
eru í þessu bréfi.
Engin[n] hlátur ekkert hól
eru í þessu stefi.
(14. febrúar 1955)

Ástarkveðju áttu að fá
eftir þessum línnum.
Hvítra vængja afl ég á
enn í fórum mínum.
(Eva Hjálmarsdóttir, á.á.-b)

Þarna liggja saman tvær stökur sem virka sem tveir andstæðir pólur. Hin síðari sýnir birtu, jákvæðni og einhvern kraft eða lífsvilja. Þarna vitnar Eva í bókina sína *Hvítir vængir* (1946) og mætti túlka þetta svo að hún hafi enn kraft skáldskaparins eða jafnvel að skáldskapurinn veiti henni enn kraft og þol til að takast á við lífið. Fyrri stakan er á öndverðum meiddi hvað lífsþróttinn varðar. Er líklegt að hún hafi skráð hana þegar hún hefur verið mikið veik eða langþreytt á veikindum sínum og ekki átt gott með að sjá þessar björtu hliðar sem hún annars átti auðvelt með að tileinka sér.

Eva var mikið í mun að gleðja fólk í kringum sig, þó ekki væri nema með nokkrum línnum. Því er vel við hæfi að setja hér niður ljóð af síðustu blaðsíðu þessa handrits, en það birtist þó einnig í *Hvítum vængjum* (bls. 181) með örlítið breyttu orðalagi. Hér verður orðalagið úr handritinu látið halda sér:

Heillaósk
Ég vildi ég mætti veginn þinn
verma og rósum þryða.
Væri þrek, sem viljinn minn
vel þér skyldi líða.
(Eva Hjálmarsdóttir, á.á.-b)

Það leikur enginn vafi á að þetta ljóð hafi Eva samið til að ylja einhverjum um hjartarætur og ugglaut hefur henni tekist ætlunarverkið. Þessar línur draga fram einkenni þeirrar fallegu hugsunar sem Eva virtist hafa í garð fólks.

5 Niðurstöður

Hér hafa verk Evu Hjálmarsdóttur verið könnuð, bæði þau sem birtust á prenti og eins þau sem fundust í kistli hennar. Þá hafa verkin verið borin saman til að varpa ljósi á bókmenntalega arfleifð Evu. Í kistlinum má finna ýmislegt áhugavert, svo sem bréf, ljósmyndir og bækur úr eigu Evu. Mest fer þó fyrir óútgefnum handritum hennar, en þau eru sex talsins, auk þó nokkurs efnis á lausum blöðum. Í ljós hefur komið að drjúgan hluta þess sem í kistlinum fannst náði hún að senda frá sér áður en hún féll frá, aðeins 56 ára gömul. Þó fannst talsvert af efni í kistlinum sem ekki hefur verið gefið út á prenti og hefur því ekki komið fyrir almenningssjónir hingað til. Innihald óútgefins efnis kistilsins og þess sem komið hefur út á prenti er af svipuðum meiði. Það er, verkin hafa að mestu að geyma endurminningar, ljóð og ævintýri. Náttúrulýsingar úr Loðmundarfirðinum setja sterkan svip á höfundarverk Evu. Hún var Loðmfirðingur í hjarta sínu og hugurinn leitaði ætíð heim í Stakkahlíð, enda átti hún þar góð ár áður en hún missti heilsuna. Eva náði að gefa fimm bækur út á prenti, en hún hefði þó hæglega getað sent frá sér í það minnsta tvær eða þrjár bækur í viðbót auk þeirra ljóða sem eftir hana liggja, en þau eru efni í góða ljóðabók. Því miður vannst henni ekki tími til þess en þó má halda í vonina um að í framtíðinni taki einhver að sér útgáfu á hennar verkum.

Líkur má leiða að því að Eva hefði gefið meira efni út á prenti og hugsanlega einnig skrifað meira hefði hún haft heilsu til. Hún gat ekki valdið penna sjálf í langan tíma fyrir andlátíð og þurfti þar af leiðandi að reiða sig á aðra til að skrásetja fyrir sig. Því skrifaði hún ekki eins mikið niður og ef hún sjálf hefði getað fært verk sín í letur. Hún var því háð framboði skrifara og tími þeirra var hvorki endurgjaldslaus né óþrjótandi. Eva orti ljóð en skrifaði einnig mörg verk í lausu máli. Þar eru endurminningar fyrirferðarmiklar en ævintýri skipa auk þess stóran sess í höfundarverki hennar. Eva virkjaði því bæði minni sitt og ímyndunarafli til þess að skapa skáldskaparheim sem hún lifði og hrærðist í og endurspeglar hann erfiða ævi hennar á margan hátt eins og hér hefur verið rakið.

Heimildaskrá

- Ármann Halldórsson (ritstjóri). (1975). Loðmundarfjörður. Í Ármann Halldórsson (ritstj.), *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* (bls. 441–464). Egilsstaðir: Búnaðarsamband Austurlands.
- Dickens, Charles. (2013). A child's dream of a star. Sótt 4. apríl 2021 af <https://www.gutenberg.org/files/42232/42232-h/42232-h.htm>
- Einar Gunnarsson. (1952). *Vísir*. Reykjavík: Blaðaútgáfan Vísir hf.
- Einar H. Kvaran. (1919). *Sögur Rannveigar*. Reykjavík: Þorsteinn Gíslason.
- Eva Hjálmarsdóttir. (1922). Steinhóll, *Æskan* (01.09.1922, 23. árgangur, bls. 69–70). Reykjavík: Stórstúka Íslands. Sótt 26. mars 2021 af <https://timarit.is/page/4643568>
- Eva Hjálmarsdóttir. (1946). *Hvítir vængir*. Akureyri: Norðri.
- Eva Hjálmarsdóttir. (1947). *Það er gaman að lifa*. Akureyri: Norðri.
- Eva Hjálmarsdóttir. (1948). *Paradís bernsku minnar og fleiri sögur*. Akureyri: Norðri.
- Eva Hjálmarsdóttir. (1952a). Höfuð Jóns, *Vísir* (30.05.1952, bls. 7). Reykjavík. Sótt 5. apríl 2021 af <https://timarit.is/issue/82072>
- Eva Hjálmarsdóttir. (1952b). „Margt er smátt í vettling manns“. Eva Hjálmarsdóttir: Reykjavík.
- Eva Hjálmarsdóttir. (1953). Sígaunaspá, *Vísir* (13.01.1953, 9. tölublað, bls. 7). Reykjavík. Sótt 5. apríl 2021 af <https://timarit.is/issue/82263>
- Eva Hjálmarsdóttir. (1956). *Á dularvegum*. Akureyri: Norðri.
- Eva Hjálmarsdóttir. (á.á.-a). *Á dularvegum II*. Óútgefið handrit.
- Eva Hjálmarsdóttir. (á.á.-b). *Bernskuljóð – Ljóðmæli*. Óútgefið handrit.
- Eva Hjálmarsdóttir. (á.á.-c). *Gul stílabók*. Óútgefið handrit.
- Eva Hjálmarsdóttir. (á.á.-d). *Laus handrit úr kistli*. Óútgefið handrit.
- Eva Hjálmarsdóttir. (á.á.-e). *Með hækkandi sól*. Óútgefið handrit.
- Eva Hjálmarsdóttir. (á.á.-f). *Sögur Evu Hjálmarsdóttur frá Stakkahlíð*. Óútgefið handrit.
- Eva Hjálmarsdóttir. (á.á.-g). *Sunna – Ljóð, sögur og ævintýri*. Óútgefið handrit.
- Héraðsskjalasafn Austfirðinga. (2019). *Afhendingaskrá númer 50*. Egilsstaðir: Héraðsskjalasafn Austfirðinga.
- Fríkirkjan í Reykjavík. (2021). Prestar Fríkirkjunnar í Reykjavík. Sótt 1. apríl 2021 af <https://frikirkjan.is/wp/prestar-frikirkjunnar-i-reykjavik/>
- Jón Árnason. (1864). *Íslenskar þjóðsögur og æfintýri II*. Forlag J. C. Hinrich's bókaverzlunar: Leipzig.
- Jónas Jónasson. (1920). *Íslensk málfræði handa byrjendum* (3. prentun endursk. útgáfa). Akureyri: Bókaverslun og prentsmiðja Odds Björnssonar.
- Magnús Jónsson. (1854). *Rímur af Bernótus Borneyjarkappa – kveðnar 1823 fyrir síra Gunnlaug Gunnlaugsson á Kvennabrekku af Magnúsi í Magnússkógum*. Reykjavík: Útgefanda ekki getið. [2. útgáfa 1907. Reykjavík: Útgefanda ekki getið].

Þjóðskjalasafn Íslands. (2021). *Manntalið: 1910 – Stakkahlíð*. Sótt 7. mars 2021 af <http://manntal.is/leit/Stakkahl%C3%AD%C3%B0/1910/1/1910>

Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm. (1892). *Draupnir* 1 (2. hefti). Reykjavík: Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm. [Endurprentun 1909. Reykjavík: Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm].